

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 5. febrúar 2024 í máli nr. 64/2023

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Leifsdóttir lögmaður, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 13. júlí 2023 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá Z, f.h. X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili krefst skaðabóta úr hendi varnaraðila að fjárhæð 1.206 evrur vegna horfins farangurs.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 17. júlí 2023, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Var bréfið mótttekið af hálfu varnaraðila 18. september 2023. Kærunefndinni bárust ekki andsvör varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, staðfesting á bókun gistingar, staðfesting á greiðslu, afrit af lögregluskýrslu, dags. 19. ágúst 2022, kvittanir fyrir kaupum á hluta þess fatnaðar sem hvarf, afrit af skriflegum samskiptum milli aðila og umboð.

Með bréfi, dags. 2. febrúar 2024, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt gögnum máls bókaði sóknaraðili gistingu fyrir sig og eiginmann sinn hjá varnaraðila í eina nótt þann 11. ágúst 2022 og greiddi fyrir það 99 evrur. Á brottfarardegi kveðst sóknaraðili hafa óskað eftir því að fá að geyma farangur þeirra hjóna í afgangi hótelsins á meðan þau myndu skoða sig um Reykjavík. Hafi varnaraðili fallist á það. Þegar hjónin komu til baka hafi farangur þeirra verið horfinn. Hafi sóknaraðili fengið þær upplýsingar frá varnaraðila að þar sem engin læst geymsla væri til staðar á hótelinu hefði farangurinn verið geymdur á gangi, bak við afgangsluna, án nokkurs eftirlits. Sóknaraðili kveðst hafa þurft að ná flugi til Frakklands og því ekki getað leyst málið að fullu með varnaraðila. Hafi starfsmaður varnaraðila í móttöku hótelsins fullyrt að sóknaraðili fengi farangur sinn bættan í kjölfar þess að hún myndi gefa skýrslu um atvikið hjá lögreglunni. Hafi sóknaraðili fylgt þeim leiðbeiningum en varnaraðili hvorki bætt sóknaraðila tjónið né svarað ítrekuðum tölvupóstum hennar. Krefst sóknaraðili skaðabóta að fjárhæð 1.206 evrur vegna hins stolna farangurs.

IV

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá nefndinni og hefur hvorki skilað inn andsvörum né gögnum. Byggir niðurstaða málsins því á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Meginregla samningaréttar er sú að gerða samninga beri að halda. Aðilar þessa máls sömdu munnlega um að varnaraðili myndi geyma farangur sóknaraðila hluta úr degi en þegar sóknaraðili hugðist ná í umræddan farangur var hann horfinn úr vörslum varnaraðila án haldbærra skýringa. Í ljósi almennra tillitsskyldna sem hvíla á aðilum í gagnkvæmu samningssambandi bar varnaraðila, sem tók að sér geymslu farangursins, að velja geymsluhátt hans með forsvaranlegum hætti, sbr. einnig þau megin sjónarmið íslensks kröfuréttar sem búa m.a. að baki XI. kafla laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup og 60. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Það virðist varnaraðili ekki hafa gert enda var farangurinn geymdur á gangi, án eftirlits, en ekki í geymslurými og virðist sóknaraðili ekki hafa verið upplýstur um þennan geymslumáta. Þar sem varnaraðili vanrækti umrædda tillitsskyldu sína með saknæmum hætti hefur hann skapað sér skaðabótaskyldu.

Í kvörtun sinni tiltekur sóknaraðili alla þá hluti sem í farangri hennar voru. Er sú upptalning hluta í samræmi við það sem kom fram í framlagðri skýrslu sóknaraðila til lögreglu, dags. 19. ágúst 2022. Þá hefur sóknaraðili lagt fram kvittanir fyrir kaupum á hluta þess fatnaðar sem í farangrinum voru. Þar sem varnaraðili hefur hvorki kosið að leggja fram andsvör né reynt að hnekkja kröfufjárhæð sóknaraðila verður framangreint lagt til grundvallar í málinu. Verður fallist á með sóknaraðila að varnaraðili beri að greiða henni 1.206 evrur í skaðabætur vegna hins horfna farangurs.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að greiða sóknaraðila, X, 1.206 evrur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða gjald vegna kostnaðar nefndarinnar af meðferð málsins að fjárhæð 35.000 krónur, sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Víðir Smári Petersen
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson